

ÚtgefandiLæknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur**Ritstjórn**Magnús Gottfreðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Elsa B. Valsdóttir
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkellsson
Magnús Haraldsson
Sigurbergur Kárason
Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir**Tölfræðilegur ráðgjafi**

Thor Aspelund

RitstjórnarfulltrúiVédis Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is**Blaðamaður**Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is**Auglýsingastjóri og ritari**Esther Ingólfssdóttir
esther@lis.is**Umbrot**Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is**Upplag**

1900


Prentun, bókband**og pökkun**Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi**Áskrift**14.900,- m. vsk.
Lausasala
1490,- m. vsk.**© Læknablaðið**

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition, Scopus og Hirsiluna, gagnagrunn Landspítala.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



LÍ bregst við #MeToo áskorun kvenna í læknastétt

Nefnd skipuð af stjórn Læknafélags Íslands að frumkvæði kvenna í læknastétt kom saman í fyrsta sinn í vikunni fyrir jól. Konur í læknastétt sem skrifað hafa undir #MeToo-yfirlýsingu á undanförunum vikum eru nær 1100 talsins. Í þeim hópi eru konur starfandi á Íslandi og erlendis auk læknanema bæði hér heima og erlendis.

Nefndinni er ætlað að fara yfir siðareglur LÍ og gera tillögur um að móta þær og aðlaga að þeim kröfum sem nú er uppi um samskipti kynjanna á vinnustöðum og tryggja að siðareglurnar séu aðgengilegar fyrir félagsmenn til að vekja athygli á þessu mikilvægi málefni.

Í nefndinni sitja Svanur Sigurbjörnsson læknir og formaður siðfræðiráðs LÍ, Sunna Snædal læknir, Ólöf Sara Árnadóttir læknir (frá vinstri til

hægri á myndinni), María Soffía Gottfreðsdóttir læknir stjórnarmaður í LÍ og Áslaug Heiða Pálsdóttir læknir en þær sitja einnig í siðfræðiráði LÍ.

„Við erum að hittast í fyrsta sinn og eigum í sjálfu sér eftir að setja niður fyrir okkur hvernig við nálgumst þetta en segja má að stóra samhengið sé undir. Læknar vinna á mörgum stöðum og stofnunum þar sem aðstæður eru mismunandi frá einum stað til annars en sannarlega þurfa viðbrögð við kynferðislegri áreitni að vera skýr og ákveðin. En það er ýmislegt fleira í samskiptum kynjanna innan hinna ýmsu stofnana sem þarf að skoða og vekja athygli á. Þar erum við að tala um samskipti lækna á milli en einnig samskipti lækna við annað heilbrigðisstarfsfólk,“ segja nefndarmenn.

Skagaströnd, janúar 1918

Árið 1918 hófst með fádæma kuldakafla um land allt. Yfir 20 stiga frost í Reykjavík dag eftir dag og 30 stig fyrir norðan þar sem hafís lagðist að landi. Alla innfirði lagði og víða var gengt á ís þar sem sjaldan eða aldrei hafði frosið. Frostið sprengdi vatnsleiðslur og fréttir bárust af hrossum sem frusu í hel standandi í haga. Bátar lágu fastir við bryggju. Á sama tíma var vöruskortur sökum styrjaldarinnar og nauðpurftir seldar afarverði. Hún vakti því að vonum gleði í Blönduóslæknishéraði, einu 47 læknishéraða landsins, fréttin af innlyksa stórhvelum við Skagaströnd. Hvalirnir voru fastir við vök skammt innan kaupstaðarinnar en utan þeirrar fiskhelgi sem tilheyrði landeiganda samkvæmt rekabálki Jónsbókar.

Norðurland, tímarit sem var gefið út á Akureyri, greinir frá því að kaupmaðurinn í Höeðnerverslun á Skagaströnd, Carl Berndsen, hafi ásamt þrjátíu sjómönnum og öðrum kaupstaðarþingum unnið á tveimur hnúfubakstörfum sem síðan voru dregnir upp á ísinn. Við drápið voru notuð lagvopn, skutull og annað, smíðuð af Brynjólfi Lýðssyni ábúanda á Ytri-Ey. Verslunarstjórinn Evald

Hemmert tók myndina af hvalnum liggjandi á ísnum með Spákonufell í baksýn. Þaninn kviðurinn snýr upp og menn að undirbúa skurð því flensihnífur er kominn á loft. Fólk kom víða að framan úr sveitum til að kaupa spik og rengi og þó að hvalurinn hafi verið seldur afar ódýrt varð hluturinn yfir 300 krónur. Samtímaheimild segir annan hvalinn 40 álnir (25 metra) og hinn 50 (31 metra). Menn hafa getið sér þess til að hvor hvalur hafi gefið af sér nálægt 6000 krónum. Á sama tíma lá tillaga fyrir Alþingi um að hækka árslauna héraðslækna í 2500 krónur.

Hnúfubakur (*Megaptera novaeangliae*) er skíðishvalur, (getur orðið 90 ára og 35 tonn) syndir fremur hægt og heldur sig nálægt landi. Þeir voru því auðveld bráð og fækkaði verulega með aukinni veiði. Hnúfubakur var alfríðaður árið 1955 og er í dag tiltölulega algengur og sýnilegur við Íslandsstrendur.

Myndin er birt með leyfi Sigurðar Hafns Þórólfssonar.

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Læknablaðið hefur fengið Önnu Þorbjörgu Þorgrímsdóttur til liðs við sig til að velja og skrifa um kápumyndir á 104. árgang blaðsins í tilefni 100 ára afmælis Læknafélags Íslands. Myndirnar tengjast þeim efnem sem verða í brennidepli afmælisgreina hvers tölublaðs.

Mynd janúarblaðsins er tekin nánast á þeim degi þegar félagið var stofnað, 14. janúar frostaveturinn mikla 1918.